

Alþingi - Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 8. desember 2009
UST20091200033/hjg


Umsögn um frumvarp til laga um umhverfis- og auðlindaskatta, 257. mál.

Með tölvubréfi, dags. 5. desember 2009, sendi Efnahags- og skattanefnd Alþingis Umhverfisstofnun til umsagnar frumvarp til laga um umhverfis- og auðlindaskatta, 257. mál.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að skattlagning á jarðefnaeldsneyti verði háð kolefnismagni hverrar eldsneytistegundar og að verðlagning fari eftir söluverði losunarheimilda á uppboðsmarkaði ESB (EU ETS) eins og það hefur verið síðastliðið ár. Auðlindagjaldið er því vel skilgreint með hliðsjón af greiðslureglu umhverfisréttarins og til þess fallið að styðja markmið alþjóðasamninga um útstreymi gróðurhúsalofttegunda. Ekki eru tilgreind sérstök umhverfismarkmið með skattlagningu á sölu á raforku og heitu vatni á síðasta stigi viðskipta. Við myndun auðlindagjalds er æskilegt, að mati Umhverfisstofnunar, að rökstyðja skattlagninguna með vísan í meginreglna umhverfisréttar svo sem greiðslureglu og samþættingareglu eða meginmarkmiða um sjálfbæra þróun. Sé það gert er kann gjaldið að stuðla að hóflegri nýtingu auðlinda og leitt til bættrar orkunýtingar. Mikilvægt er að andvirði umhverfis- og auðlindaskatta sé varið til ráðstafana í þágu umhverfisverndar.

Virðingarfyllst


Hjalti J Guðmundsson


Sigrún Ágústsdóttir